




5. bekkur

2024-2025

Handbók



Flataskóli

Efnisyfirlit

Sýn Flataskóla.....	3
Kennarar árgangsins.....	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	4
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Samskipti kennara við foreldra.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	4
Kennslustundir og námsgreinar	5
Helstu viðfangsefni nemenda.....	5
Unnið með góð samskipti.....	5
Vinna með skólareglur.....	6
Stundaskrá.....	7
Heimanám	8
Náms og skemmtiferðir	8
Vinabekkir.....	8
Skólasókn og viðbrögð.....	8
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	9
Starfsáætlun Flataskóla	9
Skóladagatal	9
Tilkynningar um forföll nemenda.....	9
Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti.....	9
Námsáætlun skólaársins.....	10
Hæfnimiðað nám.....	10
Námsmat	10
Skipulag kennslunnar	10
Námsáætlun	10

Sýn Flataskóla

“Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa. “

Áhersla á S-in fimm **seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd** á að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Auður Skúladóttir	Umsjónarkennari
Herdís Jónsdóttir	Umsjónarkennari
Þórdís Þórðardóttir	Umsjónarkennari
Jelena Djuric	Stuðningsfulltrúi
Íris Björk Baldursdóttir	Sérkennari
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	ÍSAT kennari
Margrét Tómasdóttir	ÍSAT kennari
Rut Blurton	Smíðakennari og goðafræðikennari
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmenntakennari
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	Heimilisfræði og ÍSAT kennari
Jóhanna G. Ólafsson	Íslensku kennari og ÍSAT kennari
Hannes Ingi Geirsson	Íþrótt og sundkennari
Atli Jóhannesson	Íþrótt og sundkennari
Guðrún Ýr Sigurbjörnsdóttir	Íþrótt og sundkennari
Erla Björg Káradóttir	Tónlistarkennari

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Í vetur munum við leggja áherslu á leiðsagnarnám með því að hafa hæfniviðmið námsgreina og námsmarkmið sýnileg í skólstarfinu til þess að nemendur viti að hverju er stefnt hverju sinni. Einnig fá nemendur að vita fyrirfram af því hver viðmið um árangur eru í verkefnum. Þannig eflum við sjálfstæð vinnubrögð og metnað nemenda. Við hvetjum nemendur til að bera ábyrgð á námi sínu. Kennarar veita nemendum endurgjöf svo þeir geti bætt sig sem námsmenn og viti til hvers er ætlast af þeim. Lögð verður áhersla á að nemendur geti unnið með öllum í gegnum námsfélaga og þannig skapast góð námsmenning.

Við munum leggja áherslu á jákvæð samskipti milli nemenda þar sem ríkir virðing, öryggi og traust. Það gerum við með því að halda stofufundi tvisvar í viku þar sem markvisst verður unnið með tilfinningar, samskipti, kurteisi og virðingu.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Í Flataskóla er lögð áhersla á menntun, árangur og ánægju.

Öll börn eiga rétt á menntun, með menntun fá börn að þroskast á eigin forsendum. Menntun gerir börnum kleift að rækta hæfileika og undirbýr þau til að lifa ábyrgu lífi í þjóðfélaginu. Menntun getur bætt líf einstaklings og stuðlað að mikilvægum félagslegum þroska hvers einstaklings. Til þess að nám eigi sér stað er mikilvægt að reyna að koma til móts við þroska nemenda og þeirra áhugasvið og þá er hægt að segja að námið veiti þeim ánægju. Með fjölbreyttum verkefnum sem nemendur geta leyst á ólíkan hátt er hægt að vinna með áhugasvið allra nemenda.

Samskipti kennara við foreldra

Umsjónarkennarar leitast við að tryggja góð og örugg samskipti á milli heimilis og skóla. Góð samskipti hafa áhrif á námsárangur, líðan og velgengni nemenda í skólanum. Mikilvægt er að kennarar fái að vita af stórum breytingum sem geta haft áhrif á líf barnanna. Samskipti kennara og heimilis fara að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst og síma. Í gegnum tölvupóst fá forráðamenn vikupóst þar sem fram koma helstu upplýsingar vikunnar sem er að líða og það sem er framundan. Forráðamenn geta sent tölvupóst á kennara sem varða hagnýt mál. Önnur viðkvæmari mál skal fjalla um með öðrum hætti, í gegnum síma eða í viðtali við kennara. Gott er að senda alla tölvupósta eða koma skilaboðum áleiðis fyrir klukkan 8:30 eða eftir 14:15. Við munum hafa samband annað hvort með tölvupósti eða hringja eftir því hvert erindið er. Ef skilaboð þurfa að komast til okkar á skólatíma þarf að koma þeim áleiðis til skrifstofu skólans.

Veikindi eru tilkynnt í gegnum Mentor, standa veikindi yfir í nokkra daga ber að tilkynna þau daglega. Umsjónarkennari getur gefið leyfi í tvo daga, ef óskað er eftir lengra leyfi þarf að sækja um það sérstaklega í gegnum Mentor og skólastjórnendur þurfa að samþykka það. Foreldrasamtalsdagar eru á haustin og vorin. Þann 31. október og 3. febrúar. Ferilmöppur koma nokkrum sinnum heim yfir árið.

S-in fimm

Svo samstarfið og samskiptin innan Flataskóla gangi sem best er unnið með S-in fimm, en þau eru samkennd, seigla, sjálfstæði, sjálfstjórn og skapandi hugsun.

Unnið verður á fjölbreyttan hátt með ólík viðfangsefni til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir og áhugasvið nemenda. Þannig tengjum við starfið við stefnu Flataskóla sem er menntun, árangur og ánægja.

Lýsing á starfinu í árganginum

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 52 nemendur í þremur hópum. Hópaskiptingar verða einstaka sinnum yfir veturinn, ekki margar breytingar í einu.

Kennslustundir og námsgreinar

Helstu viðfangsefni nemenda

Íslenska – Lesskilningur, málfræði og stafsetning, ritun og framsögn.

Stærðfræði – Unnið er í lotum þar sem stuðst verður við Stiku 1a og 1b.

Lífsleikni – Bekkjarfundir í hverri viku og samskiptaverkefni.

Enska – Stuðst verður við bókina „Yes we can“ til að auka orðaforðann.

Náttúrufraeði – Þemaverkefni um Mannlíkamann, ýmsar tilraunir.

Samfélagsfræði – Víkingaöldin, Ísland, stofufundir.

Upplýsinga- og tæknimennt – Verkefni unnin í mismunandi forritum í tölvum, fingrasetning og upplýsingaöflun.

Aðrar námsgreinar: Tónmennt, myndmennt, heimilisfræði, ritsmíðar, smíði, sund, íþróttir og aðrar valgreinar.

Unnið með góð samskipti

Eftirfarandi kemur fram í samskiptasáttmála Garðabæjar og við í 5. bekk vinnum eftir honum.

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk sam-

félagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
- Rýnihópaviðtöl eru tekin við fulltrúa nemenda um skólabrag.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Styrking sjálfsmýndar (utanaðkomandi fræðsla) í kringum forvarnarviku.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Fræðsla fyrir forráðafólk um góð samskipti.
 - Fræðsla fyrir forráðafólk um stafrænt uppeldi á vorönn.
 - Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
-

Stofufundir.

Stofufundir eru byggðir þannig upp að nemendur sitja saman í hring og allir fá tækifæri til að tjá sig á jafningjagrundvelli. Fyrst um sinn verður lögð áhersla á að nemendur æfi sig í að hrósa hvert öðru, hlusta á hvort annað og taka þátt í hópleikjum.

Markmiðið með stofufundum er að:

- stuðla að góðum bekkjaranda
- nemendum líði vel í skólanum
- nemendur þori að segja sínar skoðanir
- nemendur æfi sig í að tjá tilfinningar sínar

Vinna með skólareglur

Unnið verður samræmt með skólareglur og eftirfarandi eru þau tímabil sem hver regla verður tekin fyrir.

**Skólareglur Flataskóla
áætlun skólaárið 2024-2025**

Allar skólareglur kynntar í ágúst. Eftir það er unnið með eina reglu á mánuði með **samkennd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun** að leiðarljósi.

September		Október		Nóvember	
<i>Markmið menntunar</i>		<i>Virðing fyrir skoðunum annarra</i>		<i>Vernd gegn ofbeldi</i>	
2.-6.sept. 9.-13. Sept. 17.-20.sept. 23.-30.sept.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	30.sept-4.okt. 7.-11.okt. 14.-18.okt. 21.-25.okt	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	4.-8.nóv. 11.-15.nóv. 18.-22.nóv. 25.-29.nóv.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum
Desember		Janúar		Febrúar	
<i>Öll börn eru jöfn</i>		<i>Frelsi til að deila hugmyndum sínum</i>		<i>Heilsuvernd, vatn, matur, umhverfi</i>	
2.-5.des. 9.-13.des. 15.-20.des.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	6.-10.jan. 13.-17.jan. 20.-24.jan. 27.-31.jan.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	3.-7.feb. 10.-14.feb. 24.-28.feb.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.
Mars		Apríl		Maí	
<i>Hvöld, leikur, menning, listir</i>		<i>Nafn og ríkisfang</i>		<i>Félagafrelsi</i>	
3.-7.mars 10.-14.mars 17.-21.mars 24.-28.mars	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	1.-4.apríl 7.-11.apríl 22.-30. apríl	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	5.-9.maí 12.-16.maí 19.-23.maí 26.-30.maí	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum

Stundaskrá

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
8:30 - 8:50	Heimastofa	Smiðja	Morgunsamvera	Heimastofa	Morgunsamvera
8:50 - 9:30	Heimastofa	Smiðja	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa
9:30 - 9:50	Heimastofa	Smiðja	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa
09:50 - 10:10	Nesti	Nesti	Nesti	Nesti	Nesti
10:10 - 10:30	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:30 - 11:10	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	Smiðja	Goðafn/Heimas t.

11:10 - 11:50	Heimastofa	Heimast/Sund	Heimastofa	Smiðja	Goðafn/Heimas t.
11:50 - 12:10	Heimastofa	Heimast/Sund	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa
12:10 - 12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:30 - 12:50	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
12:50 - 13:30	Heimastofa	Heimast/Sund	Heimastofa	Heimastofa	Val
13:30 - 14:10	Íþróttir	Heimastofa	Íþróttir	Heimastofa	Val

Heimanám

Heimanámið í 5. bekk er lestur fimm sinnum í viku og einnig vinna nemendur heima verkefni sem þeir hafa ekki klárað í skólanum. Þrisvar sinnum í vetur fara verkefnahefti heim með heimalestrinum.

Náms og skemmtiferðir

- 2 ferðir á Landnámssýninguna í Aðalstræti (Siglum til Íslands og Heima í stofu með víkingum)
- Þjóðminjasafnið
- Harpan (Sinfóníuhljómsveitin)

Vinabekkir

Vinabekkirnar eru 2. og 3. bekkur. Hóparnir eiga samveru saman á haustönn og vorönn.

Skólasókn og viðbrögð

Unnið er skv. samræmdu ferli Garðabæjar ef skólasókn nemenda verður ófullnægjandi.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaförðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjötunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkygning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkygning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
 Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.



Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkygningar um forföll nemenda](#)

[Skráning í hádegismat nemenda](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkygningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#)

Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda.

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiðaðu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfnimiðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Nemendum er aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Nemendum er gefin markviss endurgjöf í öllu námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Skipulag kennslunnar

Lögð er áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um markmið námsins og hvaða viðmið eru sett svo þeir nái árangri. Nemendur fá reglulega endurgjöf í námsferlinu og þeim er gert ljóst hvernig þeir komast þangað sem þeir stefna.

Litið er á mistök sem lærdómstækifæri og nemendum er alltaf gert kleift að bæta sig.

Nemendur vinna verkefni í einstaklingsvinnu og þemavinnu eftir viðfangsefnum. Einnig verður nemendum skipt upp í hópa þegar verkefni eru unnin.

Námsáætlun

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir

Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Tjáning og framsögn	Koma fram fyrir framan samnemendur, lesið ljóð eða sögur og kynnt efni.
Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.	Umræður	Geti hlustað, tekið þátt í umræðum og mynda sér skoðanir á fundum.
Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	Umræður	Geti hlustað, tekið þátt í umræðum og mynda sér skoðanir á fundum.
Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.	Lestur	Heimalestur og yndislestur. Lesa fjölbreyttan texta í skóla og unnið með hann.
Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.	Lestur	Heimalestur og yndislestur.
Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.	Lestur og bókmenntir	Ein bók tekin fyrir með öllum hópnum og unnið með fjölbreytt bókmenntahugtök og frásagnarform.
Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.	Upplýsingaöflun	Leitað að heimildum á bókasafni og á netinu.
Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	Val á lesefni	Geti nýtt sér bókasafn til að velja sér fjölbreytt lesefni.
Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.	Skrift og fingrafimi	Unnið bók skrift og ritvinnsluforrit.

Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.	Skapandi skrif	Nemendur skrifa texta, frásagnir og lýsingar.
Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.	Skapandi skrif	Nemendur skrifa sögur, frásagnir og tjá hugmyndir sínar. Lesu upp verk sín og deila með öðrum.
Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.	Upplýsingartexti	Nemendur afla sér upplýsinga úr bókum og netinu og nýta textann við eigin skrif.
Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.	Orðaforði og orðmyndun	Nemendur lesi texta og skrifi hjá sér orð sem þeim finnst flókin. Nemendur finna orð þar sem sama orðið hefur mismunandi merkingu.
Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.	Að nota orðabækur og aðra gagnabrunna	Nemendur þjálfast í að nýta orðabækur og aðra gagnabrunna tengdum tungumálinu.
Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.	Setningamyndun	Nemendur skoði setningar og átti sig á því hvernig þær eru uppbyggðar. Nemendur vinna með stök orð og raða þeim upp í setningar.

Stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Leyst stærðfræðiprautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.	Rökhugsun, samvinna og umræður.	Nemendur leysa þrautir og verkefni, ýmist einir, í þörum eða hópum.

Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.	Rökhugsun, samvinna og umræður.	Nemendur leysa þrautir og verkefni, ýmist einir, í þörum eða hópum.
Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Notað og valið fjölbreytt gögn og nýtt í stærðfræði	Nemendur þjálfast í að nýta fjölbreytt hjálpargögn.
Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Kynning á stærðfræðiverkefnum	Nemendur kynna verkefni og niðurstöður einstaklingslega eða í hópum.
Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.	Reiknireglur og rökhugsun	Nemendur skoða samhengi og tengsl reikniaðgerða og nýta í margvíslegum verkefnum.
Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.	Form, flutningar og horn.	Nemendur vinna með tví- og þrívíð form og kynnast grunnhugtökum hornafræði, ýmist hlutbundið eða óhlutbundið.
Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.	Talnaskilningur	Verkefni tengd daglegu lífi,
Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.	Myndrit, töflur og talning.	Nemendur safna gögnum og vinna úr þeim á fjölbreyttan hátt.

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.	Málskilningur, þýðingar	Hlusta á upplestur texta, lesa með í hljóði og rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að leita eftir svörum og lausnum verkefna
Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.	Málskilningur og námstækni	Nemendur lesa ólíkan texta eins og bækur, fréttir, viðtöl o.s.frv. og segja í aðalatriðum frá innihaldinu.
Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.	Talað mál	Nemendur taka viðtöl við hvert annað.
Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Framsögn/upplestur	Kynna fyrir öðrum verkefni sem hafa verið unnin.
Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.	Ritun	Nemendur skrifa texta með stuðningi af glósum og gátlistum.
Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.	Hópavinna	Nemendur vinna ýmis verkefni í hóp.
Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.	Upplýsingasöfnun	Nemendur læri að nýta sér ýmis verkfæri eins og orðabók af bókasafni eða á Netinu til þess að afla sér upplýsinga

Náttúrufræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir

Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.	Tilraunir	Framkvæma tilraunir
Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.	Tilraunir	Framkvæma tilraunir og útskýra niðurstöður.
Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	Tilraunir	Framkvæma tilraunir og útskýra niðurstöður
Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	Tilraunir	Umræður eftir að niðurstaða liggur fyrir
Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.	Upplýsingaöflun og verkefnavinna	Hópverkefni
Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.	Umræður	Einstaklings- og hópverkefni

Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist.	Menning og landafræði	Nemendur kynna sér einkenni Íslands í landfræðilegu og sögulegu samhengi. Einstaklings- og hópavinna.
--	-----------------------	---

Þau hæfniviðmið sem fléttað verður inn í aðrar námsgreinar:

Upplýsinga- og tæknimennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.	Upplýsingaleit	Einstaklingsvinna.
Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.	Sjálfstæð og vinnusemi	Einstaklings- og hópavinna.
Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.	Rafrænt námsefni	Unnið með ýmsa þætti námsins í gegnum ýmis kennsluforrit.

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.	Tjáning	Umræður á stofufundum, vinna með upplýsingatækni, sjálfsmat og ígrundun.
Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.	Seigla	Nemendur fara yfir og meta eigin verkefni og gera áætlun um úrbætur í samráði við kennara.
Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.	Lífsleikni	Umræður og fjölbreytt verkefni sem hvetja nemendur til ábyrgðar á eigin námi
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.	Lífsleikni	Nemendur vinna verkefni tengd eigin áhugasviði og hafa val um fjölbreyttar lausnaleyðir sem nýta styrkleika hvers og eins.
Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.	Námsfélagar	Nemendur tveir og tveir vinna saman í viku.
Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.	Seigla	Nemendur fara yfir og meta eigin verkefni og gera áætlun um úrbætur í samráði við kennara
Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.	Upplýsingatækni	Nemendur nýta ýmsa miðla til upplýsingaöflunar við lausn verkefna.
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.	Lífsleikni	Sjálfsmat og áætlanagerð.
Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.	Námstækni	Nemendur vinna verkefni þvert á námsgreinar og gera áætlanir um úrlausn þeirra.

List og verkgreinar

Ritsmiðja		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.	-beita skapandi hugsun og semja frásögn -vinna fjölbreytt ritunarverkefni -leyfa öðrum að hlusta eða lesa frásögnina	-semja sögu -fá upphaf/lok sögu og halda svo áfram með sína frásögn -læra um hlutverk aðal/aukapersóna og lýsa söguviði nákvæmlega -gera myndasögu með stuttum texta
Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.	-kynnast og læra að vinna eftir hamborgaralíkaninu og fyrirmyndar málsgreininni	-semja sögu með upphafi, miðju og endi. -virða reglur um stóra stafi og litla, punkta og kommur.

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
-valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan -farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld -sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi -farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif - skilið einfaldar umbúðamerkingar - tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir	- hráefni valin með hollustu og fjölbreytni að leiðarljósi Fæðuhringurinn -fylgja uppskriftum og þjálfast í að nota einföld mæli- og eldhúsáhöld -helstu hættur sem fylgja vinnu í eldhúsi -handþvottur -svuntur -hrein áhöld -hreint vinnusvæði -lesa á umbúðir algengra matvæla	-umræður um viðfangsefnið -unnið með fjölbreyttan og hollan mat -nem. hjálpast að við að lesa og fara eftir einföldum uppskriftum -nota mæli- og eldhúsáhöld við verkefni -fræðast um þær hættur sem fylgja vinnu í eldhúsi -handþvottur og svuntur -snyrtileg vinnubrögð -nem. læra að vaska upp og þrífa vinnusvæði sitt -læra að lesa úr umbúðamerkingum algengra matvæla

Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.	- Viðhafa góða borðsiði Fræðast um helstu hátíðir Íslendinga	- viðhafa góð og jákvæð samskipti við borðhald -fræðast og ræða um helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.
--	---	---

f

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> • Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. • Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. • Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. 	<p>Hugmyndavinna</p> <p>Hugtök</p> <p>Efni og verkfæri</p>	<p>Nemendur þjálf sig í hugmyndavinnu með skissugerð á pappír en einnig að skissa í efni og læra að gera vinnuteikningu úr því. Læra að vinna eftir teikningunni og gera þrívíðan hlut. Þeir nota mismunandi efni og verkfæri til þess e.o tré, víra, álpappír, gifs, textílefni og akrýlmálningu. Meðfram verkefninu nefnum við hugtökin sem fylgja verkefninu og notum þau á viðeigandi hátt.</p>

Hönnun og smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> • valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki • útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu • útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað 	<p>Hönnun</p> <p>Mælingar</p> <p>Vinnustellingar</p> <p>Efni og verkfæri</p>	<p>Nemendur þjálf sig í hönnun með því að teikna upp persónu og ákveða hvernig hún er, aldur hennar fjölskyldu og áhugamál.</p> <p>Nemendur þjálfast í mælingum með því að mæla teikninguna af persónunni sinni og skila til kennara sem sagar eftir þeirra máli.</p> <p>Nemendur þjálfast í að nota réttar og skynsamar vinnustellingar við vinnu sína - þar sem beiting líkamans skiptir máli fyrir betri vinnubrögð og öruggara vinnuumhverfi.</p>

		<p>Nemendur þjálfast í notkun ákveðinna verkfæra eins og sandpappírs, borvélar, súluborvélar, öryggisgleraugna.</p> <p>Nemendur þjálfu ofangreinda þætti einnig þegar þeir búa til púsluspil, sem gefur þeim tækifæri til nota tifsög .</p> <p>Nemendur vinna með furu (trépersónan) og birki (púsluspil) en að auki vinna nemendur með sjálfharnandi leir, striga, vatnsliti og akrílmálningu.</p>
--	--	---

Skólaíþróttir og sund

Hæfniviðmið - beint úr námskránni	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.	Þolæfingar	Þjálfu upp þol með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.
Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.	Líkamsstyrkur	Kennsla í stöðvaþjálfun og þrautabrotum. Sýnikennsla hjá kennara. Ýmsar styrktaræfingar, nemendur spreyta sig í armbeygjum, hnébeygjum, kviðæfingum og bakæfingar.
Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.	Leikni og færni	Kennsla og hæfni í hinum ýmsu íþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak. Badminton og blak.
Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.	Baksund, skriðsund, kafsund, stunga	Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotnar upp og einnig æft í heild sinni.
Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.	Hreinlæti	Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþrótt og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.
Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	Íþróttamannsleg framkoma	Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.

--	--	--